

S A M Þ Y K K T

41

11. apríl

um

sýsluvegasjóð í Dalasýslu.

1. gr.

Í Dalasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Greiðist úr honum kostnaður sá við vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Í Dalasýslu skulu vera þessir sýsluvegir:

1. Suðurdalsvegur, frá þjóðveginum hjá Stóra-Skógi yfir Miðdali og Höðrudal út hjá Gunnarsstöðum til Skógarstrandar.
2. Haukadalsvegur, frá þjóðveginum við Haukadalsá inn Haukadal til Kross.
3. Laxárdalsvegur, frá þjóðveginum af Breiðamel eða við Digruvörðu inn Laxárdal að fjallveginum undan Pálsseli, eftir því hvor þessara leiða verður ákveðin.
4. Búðardalsvegur, frá Kaupfélagshúsunum í Búðardal upp á þjóðvegin.
5. Strandavegur, frá þjóðveginum hjá Máskeldu um Saurbæ, kringum Strandir inn Hvammssveit og þar aftur á þjóðvegin.
6. Skarðstöðvarvegur, frá Skarðsstöð á Strandavegin fyrir neðan Skarð.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af ziganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptún-um. Þó skal hreppsfélagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning um það komi til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim er áður er sagt.

— Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum.

41

11. apríl

4. gr.

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn hve hár vegaskatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minnst $1\frac{1}{2}$ af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignarmati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnu-málaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu um fram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, svo og öðrum tillögum sbr. 5. gr., ef til þess kemur samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923 og nr. 28, 31. maí 1927, 2. gr.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin að fengnum tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Heimilt er sýslunefndinni að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppum má ekki vera meira en 30% herra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

7. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

8. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923 og 2. gr. laga nr. 28, 31. maí 1927.

9. gr.

41

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum, sem um almenn lögreglumál.

Samþykkt þess sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 15. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð 42
Arnarneshrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og 6. maí
kirkjumálaráðherra 6. maí 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Líknarsjóð Arnarneshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Líknarsjóður Arnarneshrepps“.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af kvennfélaginu „Freyja“ í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, og er stofnféð að upphæð kr. 100,00 — eitt hundrað krónur — sem félagið gefur til minningar um dánar félagskonur. Ætlun félagsins er að efla hann og auka með minningargjöfum, áheitum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kunna að áskotnast.